

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 2004

2. janúar 2004

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 16. desember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis á Akranesi, vegna lóðarinnar nr. 25a við Vesturgötu. Breytingin felst í stækkingun lóðarinnar og jafnframt er skilgreind aðkoma að lóðinni. Deiliskipulagsbreytingin var kynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 2. janúar 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

5. janúar 2004

Nr. 2

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Bláskógabyggð.

Torfastaðir í Biskupstungum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Torfastaða í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 10 frístundalóðum á svokallaðri Torfastaðaheiði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.